

## FRÁSÖGN

*af þemaþingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 3.-4. apríl 2017*

Þemaþing Norðurlandaráðs fór að þessu sinni fram í þinghúsinu í Stokkhólmi dagana 3.-4. apríl. Fulltrúar Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á fundinum voru Valgerður Gunnarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sigurður Ingi Jóhannsson, Oddný Harðardóttir, Jóna Sólveig Elínardóttir, Teitur Björn Einarsson og Vilhjálmur Árnason auk Helga Þorsteinssonar ritara.

Á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs urðu miklar umræður um umsókn Færeyinga um fulla og sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði. Danska þingið hafði tekið saman minnisblað um lagaleg atriði í tengslum við slíka aðild. Þar var bent á ýmis vandkvæði tengd ákvæðum í stjórnarskrá Danmerkur og einkum þó í Helsinki-sáttmálanum, grundvallarsamningi norræns samstarf. Fram hefur komið að samstarfsráðherrar Norðurlanda eru ekki tilbúnir til að breyta sáttmálanum. Henrik Dam Kristensen, formaður landsdeildar Danmerkur, sagði að forsætisnefndin mætti ekki komast að þeirri niðurstöðu að það væri verkefni Færeyinga og Dana að leysa þetta mál, vandinn fælist fyrst og fremst í Helsinki-sáttmálanum.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri-grænna og varaformaður landsdeildar Íslands, sagði afstaða Norðurlandaráðs í þessu máli benti til þess að Norðurlandaráð væri orðið íhaldsamara og varfærnara en áður. Hann benti á að Færeyingar hefðu lagt sams konar umsókn fram áður, og þá hefði henni verið betur tekið, en síðan þá hefðu Færeyjar tekið miklum framförum og fengið aukna sjálfstjórn. Hann velti því upp hvort ekki væri hægt að breyta Helsinki-sáttmálanum þannig að sjálfstjórnarsvæðin gætu tekið við að fullu á þeim sviðum norræns samstarfs sem heyrðu undir þau sjálf samkvæmt sjálfstjórnarfyrirkomulagi á hverjum stað.

Ýmsir þingmenn bentu á að hafa þyrfti í huga hvaða áhrif það hefði á kröfur annarra hópa, til dæmis Sama, ef Færeyingum yrði veitt full aðild. Hans Wallmark, formaður sænsku landsdeildarinnar, sagði að horfa þyrfti á heildarmyndina varðandi framtíð norræns samstarfs, og benti á að stöðu Slésvíkur-Holstein og danska minnihlutans þar, líklegan áhuga Breta, og þá ekki síst Skota, á nánara samstarfi í kjölfar útgöngu Bretlands úr ESB, og svo framvegis. Færeyska þingkonan Ruth Vang taldi þó ekki rétt að bera Færeyinga saman við aðra hópa í þessu sambandi. Hún sagði jafnframt að ef markmiðið væri að ná góðri sátt í þessu máli mætti ekki byggja allt á „ísköldum“ lagalegum rökum.

Að tillögu Britt Lundberg, forseta Norðurlandaráðs, var ákveðið að fresta endanlegri ákvörðun í málinu og fela skrifstofu Norðurlandaráðs að fara svonefnt Álandseyjaskjal, sem lýsir stöður sjálfstjórnarsvæðanna í norrænu samstarfi, og kanna hvort þarf væri svigrúm til að styrkja stöðu færeyja í Norðurlandaráði án þess að gengið væri gegn ákvæðum Helsinki-sáttmálans.

Í tengslum við þemaþingið var haldin umræða um nýjar forsendur í samstarfi Norðurlanda við Bandaríkin eftir að Donald Trump tók við embætti forseta Bandaríkjanna. Meðal þátttakenda voru Margot Wallström, utanríkis- og samstarfsráðherra Svíþjóðar, Frank Bakke-Jense, samstarfsráðherra Noregs og Nina Fellmann, samstarfsráðherra Álandseyja. Í máli margra kom fram að nú væri enn mikilvægara en áður að leggja áherslu á sameiginleg gildi Norðurlanda í samskiptunum við Bandaríkin. Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður

Framsóknarflokksins, sagði að reynslan sýndi að þegar Norðurlöndin töluðu einum rómi á alþjóðavettvangi legðu önnur lönd við hlustir.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefnum [www.norden.org](http://www.norden.org).